

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *15. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 10. febrúar 2011, kl. 13:00.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fulltrúar Vegagerðarinnar mæta til fundarins.
3. Gjaldskrárhloti álagningareglna fasteigna- og þjónustugjalda, síðari umræða.
4. Gjaldskrá hitaveitu Reykjahlíðar, síðari umræða.
5. Gjaldskrá hitaveitu vegna Birkilands, síðari umræða.
6. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.
7. Erindi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga vegna kjarasamningagerðar.
8. Fundargerð Skólanefndar dags. 10. janúar.
9. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 17. janúar.
10. Erindi frá Þórhalli Kristjánssyni.
11. Erindi frá nefndarsviði Alþingis ósk um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum.

### Til kynningar:

Bréf Iðnaðarráðuneytisins dags. 27. janúar.

Bréf Umhverfisaráðuneytisins dags. 31. janúar.

Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins dags. 1. febrúar.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 28. janúar.

Kynning á húsnæðismálum leikskólans.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik Jakobsson.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að fá að taka til kynningar tillögu Skólanefndar um húsnæðismál leikskólans. Samþykkt samhljóða.

### 2. Fulltrúar Vegagerðarinnar mæta til fundarins.

Til fundarins mættu Birgir Guðmundsson, Pálmi Þorsteinsson og Sveinn Sveinsson. Farið var yfir snjómokstur í sveitarfélaginu. Fram kom að Vegagerðin hefur ákveðið að þjóðvegurinn norðan vatns verði þjóðvegur nr. 1 og mun þ.a.l. fá vetrarþjónustu sjö daga vikunnar. Rætt um aðkomu Vegagerðarinnar að snjómokstri að Hveraröndinni, Höfða, Dimmuborgum og Dettifossi. Sveitarstjórn benti á að engin vegmerking er til norðurs á Grímsstaðaöxlinni þ.e. til Húsavíkur auk þess sem afar áriðandi er að sett verði upp varúðarskilti þess efnis að vegurinn er bara þjónustaður tvo daga í viku yfir veturinn. Þá var rætt um veginn að Dimmuborgum sem bæði er mjór og illa farin og annar engan vegin þeirri umferð sem um hann fer, um 230 þús. manns sækja borgirnar heim á ári hverju. Einnig rætt um hjólreiða- og göngustíga, umferðaröryggismál ofl. Samþykkt að senda Vegagerðinni bréf þar sem áréttáðar eru umrædda ábendingar og tillögur.

### 3. Gjaldskrárhloti álagningareglna fasteigna- og þjónustugjalda, síðari umræða.

#### *GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.*

##### *1. gr.*

*Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.*

##### *2.gr.*

*Gjaldið er sem hér greinir:*

<i>Íbúðir</i>		<i>27.400 kr.</i>
<i>Fyrirtæki:</i>	<i>a)</i>	<i>27.400 kr.</i>
	<i>b)</i>	<i>75.300 kr.</i>
	<i>c)</i>	<i>137.300 kr.</i>
	<i>d)</i>	<i>251.900 kr.</i>
	<i>e)</i>	<i>491.500 kr.</i>
	<i>f)</i>	<i>745.300 kr.</i>

*Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum.*

##### *3.gr.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8.gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, og með vísan í 25. gr. laga nr. 7/1998. Gjaldskráin er samín og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar 27. janúar og 10. febrúar 2011.

4.gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.  
Gjaldskrá nr. 368/2010 fellur úr gildi frá sama tíma.

Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að afla gjaldskránni staðfestingar.

#### 4. Gjaldskrá hitaveitu Reykjahlíðar, síðari umræða.

Eftirfarandi gjaldskrá var samþykkt við fyrri umræðu 27. janúar.

##### Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar

###### 1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

###### 2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

###### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- a) Fyrir vatn 80° C og heitara greiðast..... kr. 86,-
- b) Fyrir vatn 70°- 79° C greiðast..... kr. 69,-
- c) Fyrir vatn 69° C og kaldara greiðast..... kr. 52,-

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka þar sem einstakar heimtaugar eru það langar að ætla má að um verulega kólnun sé að ræða í þeim.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

###### 4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- a) Fyrir mæli allt að ¾” ..... kr. 748,-
- b) Fyrir mæli 1” – 2 “ ..... kr. 1.507,-
- c) Fyrir mæli 3” og stærri ..... kr. 3.003,-

###### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestratíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 682,-

Gjalddagi hitaveitugjala er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

#### 6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús 400 – 2000 m <sup>3</sup> :		
Fyrir 400 m <sup>3</sup> .....	kr.	138.171,-
og fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m <sup>3</sup> .....	kr.	120,-
Hús stærri en 2000 m <sup>3</sup> .....	kr.	329.703,-
og fyrir hvern rúmmetra umfram 2000 m <sup>3</sup> .....	kr.	96,-
öll gjöld í þessari grein miðast við utanmál húsa.		
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er .....	kr.	18.348,-

Lóðarhafar greiða auk heimtaugargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk .....

	kr.	1.364,-
--	-----	---------

í hvert skipti.

#### 7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heyburrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

#### 8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

#### 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtak á kostnað gjaldanda.

#### 10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 17. mars 2010.

Samþykkt samhljóða.

### 5. Gjaldskrá hitaveitu vegna Birkilands, síðari umræða.

Eftirfarandi gjaldskrá var samþykkt við fyrri umræðu 27. janúar.

#### Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi.

#### 1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar í Birkilandi við Voga samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

#### 2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða skvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- a) Fyrir vatn 80° C og heitara greiðast..... kr. 86,-
- b) Fyrir vatn 70°- 79° C greiðast..... kr. 69,-
- c) Fyrir vatn 69° C og kaldara greiðast..... kr. 52,-

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka ef vatnshiti breytist.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

### 4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- a) Fyrir mæli allt að ¾” ..... kr. 748,-
- b) Fyrir mæli 1” – 2 “ ..... kr. 1.507,-
- c) Fyrir mæli 3” og stærri ..... kr. 3.003,-

### 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mæla álestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestratíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald, kr. 620,-.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

### 6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi skal vera sem hér segir:

Fyrir hverja heimæð .....	kr.	404.250,-
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er .....	kr.	18.348,-

Lóðarhafar greiða auk heimæðargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk .....	kr.	1.364,-
--	-----	---------

í hvert skipti.

### 7. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

**8. gr.**

*Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.*

**9. gr.**

*Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 17. mars 2010.*

Samþykkt samhljóða.

**6. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.**

Áætlunin rædd og vísað til annarrar umræðu.

**7. Erindi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga vegna kjarasamningagerðar.**

Með tölvupósti óskar Samband íslenskra sveitarfélaga eftir að sveitarfélög veiti sambandinu (áður LN) endurnýjað umboð til kjarasamningsgerðar. Þar sem mörg þessara umboða eru komin nokkuð til ára sinna er mikilvægt að fara yfir þau og endurnýja.

Sveitarstjórn samþykkir að veita Sambandinu endurnýjað umboð.

**8. Fundargerð Skólanefndar dags. 10. janúar.**

Ekkert í fundargerð Skólanefndar þarfnast ályktunar við.

**9. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 17. janúar.**

Í öðrum lið fundargerðarinnar er komið inná drög að erindisbréfi. Í þriðja lið er fjallað um jafnréttisáætlun fyrir sveitarfélagið og hversu víðtæk hún þarf að vera. Einnig er rætt um hvaða leiðir séu til að meta árangur jafnréttisáætlunarinnar og ánægju starfsmanna sveitarfélagsins og mikilvægi þess að hafa regluleg starfsmannaviðtöl. Undir fjórða lið fundargerðarinnar er farið yfir gjaldskrá ÍMS og ráðgerð töluverð hækkun á henni frá því sem nú er. Í fimmta lið er sagt frá skoðunarferð nefndarmanna um Íþróttamiðstöðina og rætt um aukna nýtingarmöguleika ásamt viðhaldi og endurnýjun hússins. Sveitarstjórn samþykkir hækkun á gjaldskránni. Aðrir liðir fundargerðainnar þarfnast ekki ályktunar við.

**10. Erindi frá Þórhalli Kristjánssyni.**

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til umsagnar hjá Skipulags- og umhverfisnefnd.

**11. Erindi frá nefndarsviði Alþingis ósk um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum.**

Með tölvupósti óskar Umhverfisnefnd Alþingis eftir umsögn sveitarstjórnar á frumvarpi til laga um breytingu á nýjum skipulagslögum 123/2010. Breytingin er á 32 gr. og 36. gr. laganna og lýtur að því að hafi Skipulagsstofnun og/eða ráðherra umhverfismála ekki samþykkt eða synjað staðfestingu aðalskipulagstillagna að liðnum fjögurra vikna fresti er sveitastjórnnum heimilt að ákveða að aðalskipulagið skuli taka gildi uns ákvörðun fyrrnefnda stofnana liggur fyrir.

Sveitarstjórn fagnar breytingunni og telur að hún verði til að flýta afgreiðslu aðalskipulagstillagna, nóg er nú ferlið langt samt.

Fleira ekki gert.  
Fundir slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétursson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Eyrún Björnsdóttir,  
Friðrik Jakobsson.